

# Afbrotatölfræði

## Ágúst 2010

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir ágúst 2010. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Hegningarlagabrotum hefur fækkað. Þau voru 1.248 í ágúst síðastliðnum en 1.428 árið 2009. Umferðarlagabrotin voru 5.296. Þau voru fleiri árin 2007 og 2008 en þá fóru þau yfir 6.000. Fíkniefnabrot voru 106 og hefur þeim fækkað jafnt og þétt frá árinu 2006 (mynd 1).

Hraðakstursbrot voru 4.286 en þeim fækkaði um 5% milli ára. Innbrotum fækkaði um 23% en þjófnaðarbrotum fjölgaði lítillega eða um 3%. Fækkun var í brotum vegna ölvunar við akstur sem nemur 29%, fíkniefnabrotum fækkaði um 11%, líkamsárásam um 29% og eignaspjöllum um 2%. Áfengislagabrotum fjölgaði um 25% milli ára, nytjastuldi um 3% og akstri gegn rauðu ljósi um 33%.


Í haust verður gefin út afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir árið 2009. Þar kemur m.a. fram að heildarfjöldi brota er nokkuð svipaður milli ára. Sérreksilagabrotum fer fækkandi ef horft er aftur til ársins 2006 en fjöldi umferðarlagabrota hefur verið breytilegur. Hegningarlagabrotum hefur fjölgað. Á árinu 2009 voru þau 15.966 en 14.578 árið 2008. Þessa aukningu má að mestu rekja til fjölgunar auðgunarbrota en innan þeirra falla innbrot og þjófnaðir. Hraðakstursbrot eru 78% allra umferðarlagabrota og voru þau rúmlega 43.000 á síðasta ári og hafa aldrei verið fleiri.



Mynd 1. Fjöldi brota í ágúst 2005-2010 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í ágúst 2008, 2009 og 2010.

	Ágúst 10	Ágúst 09	Ágúst 08
Hraðakstursbrot	4.286	4.533	5.391
þjófnaðarbrot	473	458	453
Eignaspjöll	261	267	278
Innbrot	252	328	252
Ölvun við akstur	108	153	175
Fíkniefnabrot	106	119	135
Áfengislagabrot	95	76	104
Líkamsárás (217.-218. gr.)	87	122	109
Akstur gegn rauðu ljósi	48	36	46
Nytjastuldur	37	36	42



Mynd 2. Fjöldi brota frá árinu 2006 til 2009.

# Afbrotatölfræði

## Ágúst 2010

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í ágúst 2008, 2009 og 2010 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Akranes	29	26	17	53	53	143	1	2	6
Akureyri	61	97	115	137	162	261	12	14	9
Blönduós	7	2	3	229	214	333	2	1	2
Borgarnes	8	28	23	696	1.545	699	0	1	5
Eskifjörður	7	26	17	357	508	557	0	1	0
Húsavík	4	9	9	49	131	82	0	0	2
Hvolsvöllur	3	16	9	148	230	347	0	0	2
Höfuðborgarsvæðið	960	991	879	2.113	1.708	3.220	54	65	57
Sauðárkrókur	6	5	14	56	84	83	0	0	2
Selfoss	56	68	84	1.061	270	319	14	2	7
Seyðisfjörður	10	8	12	69	126	152	0	0	1
Snæfellsnes	1	13	18	57	24	65	0	1	4
Suðurnes	64	83	90	220	393	497	13	12	20
Vestfirðir	16	21	24	28	44	92	0	0	0
Vestmannaeyjar	16	35	44	23	11	15	10	20	18
<b>Alls</b>	<b>1.248</b>	<b>1.428</b>	<b>1.358</b>	<b>5.296</b>	<b>5.503</b>	<b>6.865</b>	<b>106</b>	<b>119</b>	<b>135</b>

\*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Í töflu 2 koma fram upplýsingar um fjölda hegningarlagabrotum, umferðarlagabrotum og fíkniefnabrotum í ágúst eftir umdæmum. Af skráðum hegningarlagabrotum voru 87% hjá þremur embættum, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og Akureyri. Á Suðurnesjum og Akureyri hefur hegningarlagabrotum fækkað milli ára en fjöldi þeirra er stöðugri á höfuðborgarsvæðinu.

Umferðarlagabrot voru 5.296 sem er nokkuð svipaður fjöldi og árið á undan. Brotin voru hinsvegar fleiri árið 2008 eða 6.865. Tæplega 60% umferðarlagabrotu voru hjá embættum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi en í þessum umdæmum eru fjölfarnar þjóðvegir. Hraðakstursbrot voru 81% allra umferðarlagabrotu.

Fíkniefnabrotin voru 106 en þeim fer fækkandi. Engin fíkniefnabrot eru skráð hjá átta embættum og eitt til tvö brot voru hjá tveimur. Þetta þýðir að megin þorri fíkniefnabrotu eru hjá fimm lögregluembættum.

### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. september 2010. Tölur fyrir árið 2010 eru bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.